 Guðmundur Magnússon: Teitur. Reykjavík 1904.
 Pálmi Pálsson o. fl.: Huld 1—4.
 Finnur Jónsson: Bókmentasaga Íslendinga.
 Geir Zoëga: Ensk-Íslensk orðabók.
 Þorvaldur Thoróðssen: Landfræðissaga Íslands, IV, 2.
 Björn Jónsson: Bæjarskrá Reykjavíkur 1903.
 Sýslumannaæfir II. b. Reykjavík 1904.
 Íslenskt fornbréfasafn VI, 3. og VII, 2. Rvík 1900.
 Knut Hamsun: Mysterier. København 1892.
 A. von Chamisso: Sämtliche Werke in vier B. Leipzig 1904.
 Jules Verne: Den hemmelighedsfulde Ø. Kbh. & Kria. 1904.
 — ——— Jordan rundt i 80 Dage. Kbh. & Kria 1904.
 — ——— En Verdensomsejling under Havet. Kbh. & Kria 1904.
 — ——— Is-Sfinksen. Kbh. 1904.
 — ——— Kaptain Grants Børn. Kbh. 1904.
 — ——— Det sorte Indien. Kbh. 1904.
 Cooper: Læderstrømpe. Kbh. 1902.
 C. Etlar: Tranens Varsel. Kbh. 1900.
 R. Kipling: Den nye Junglebog. Kbh. 1903.
 Gustav Wied: Hendes gamle Naade. Kbh. 1904.
 — ——— Et Opgjør. Kbh. 1904.
 — ——— Byens Stolthed. Kbh. 1904.
 Otto Sverdrup: Nyt Land. Kria. 1903.
 Alexander Kjelland: Samlede Værker 1—6. Kbh. 1903—4.
 — ——— ——— Garman & Worse. Kbh. 1903.
 Ingvor Bondesen: Karetten fra Lønneskov. Kbh. 1902.
 — ——— ——— Hersen paa Stejnarsstad. Kbh. 1902.
 — ——— ——— Skovstrup Folk. Kbh. 1902.
 — ——— ——— Kongsbrydens Fostersøn. Kbh. 1902.
 — ——— ——— Skovstrup Historier: Kbh. 1903.
 — ——— ——— I Strid og Stræb.
 H. Wergeland: Udvalgte Skrifter. Kbh. 1904.
 J. M. Sick: Højfjeldspræst. Kbh. 1903.
 Erik Lie: Tolv Procent. Kbh. 1902.
 Höm: Aaby Apothek. Kbh. 1903.
 E. W. Hornung: Amatörtyven Kbh.
 Kaptain Marryat: Sö-Romaner 1.—40, hefti.

- Bj. Björnsson: Laboremus. Kbh. 1904.
 — — — — — Árni. Rvík 1897.
 Maksim Gorki: Fra Stepperne. Kbh. 1903.
 Grillparzer: Ausgewählte Werke. Leipzig 1904.
 N. Lenan: Sämtliche Werke. Leipzig 1904.
 Jos. von Eichendorff: Ausgewählte Werke. Leipzig 1904.
 Franz Gaudy: Ausgewählte Werke. Leipzig 1904.
 H. von Kleist: Sämtliche Werke. Leipzig 1904.
 Bürger: Sämtliche Werke. Leipzig 1904.
 Uhlands Werke. Leipzig 1904.
 Ferd. Raimund: Sämtliche Werke. Leipzig 1904.
 Wieland: Ausgewählte Werke. Leipzig 1904.
 Lessing: Ausgewählte Werke. Leipzig 1904.
 W. Hauff: Sämtliche Werke (2 vol.). Leipzig 1904.
 W. Goethe: Ausgewählte Werke (4 vol.). Leipzig 1904.
 Gerstäcker: Ausgewählte Erzählungen und Humoresken (2 vol.). Leipzig.
 1904.

b. Tímarit og blöð.

- Almanak hins íslenska Þjóðvinafélags 1905. Rvík 1904.
 Andvari, tímarit hins ísl. Þj.v.félags 19. ár.
 Bibliothek der Unterhaltung und des Wissens. Leipzig 1904.
 Einnreiðin X. ár. Kbh. 1904.
 Frem VII. árg. Kbh. 1904.
 Illustreret Familie Journal 28. árg. Kbh. 1904.
 Kringsjaa 1904.
 Skírnir, Tíðindi hins ísl. Bókmenntafélags 1903. Rvík 1904.
 Tímarit hins ísl. Bókmenntafélags XXV. ár. Rvík 1904.
 Hver 8. Dag. XI. árg. Kbh. 1905.
 Klods Hans 1905.

C. Náttúrugripasafnið.

a. Gefnir munir.*

- 1 marþvari (sclerocrangon) (Björn Gíslason, stud. art.).
 1 snjónál (Björn Guðmundsson, stud. art.).
 1 fagurblóm (Jón Sigurðsson, stud. art.).
 1 loðna (Marleen Bartels, stud. art.).
 1 kvarzsteinn (Sveinn Sveinsson, stud. art.).
 1 steinbitur, 1 loðna og 1 urriði (Bjarni Sæmundsson, aðjunkt).

*) Nafn gefanda stendur í svigum aftan við gjöfina.

b. Keyptir munir.

1 storkur, 1 þiður, 1 kirsiberjafugl, 1 kameleón, 1 hrökkvиската (alt uppsett). Bandormar í ýmsum myndum og 1 þanglús (í vínanda), og enn fremur safn af ýmiskonar fjöðrum undir gleri.

D. Landafraeðissafnið.**Gefnir munir.**

Nokkrar myndir frá París (B. M. Ólsen, prófessor).

Nokkur póstspjöld með myndum frá Danmörku og Finnlandi (Guðbrandur Jónsson, stud. art.).

Nokkur póstspjöld með myndum frá Noregi (Guðm. Zóphoniasson stud. art.).

Nokkrar myndir frá Noregi (Halldór Kristinsson, stud. art.).

Mörg póstspjöld með myndum frá Íslandi (Konráð Konráðss., stud. art.).

Bók með myndum frá Edinborg (Pétur Halldórsson, stud. art.).

Nokkrar myndir frá Þýskalandi (Sigurður Guðmundsson, stud. art.).

VI. Fjárstyrkur skólans.

Fjárstyrkur sá, sem lærisveinum var ætlaður af landsfé, var veittur af Stjórnarráðinu eftir tillögum rektors og kennaranna í tvennu lagi 1) 1475 kr. með bréfi Stjórnarráðsins dags. 6. apr. þ. á. 2) 1450 kr. með bréfi Stjórnarráðsins dags. 4. júlí þ. á. Hversu mikinn styrk hver einstakur piltur fékk, má sjá í skólapiltatalinu hér að framan.

Heimavist höfðu 16 piltar. Var heimavist nú með sama fyrirkomulagi og síðustu árin, þannig að piltar lásu að eins í skólahúsinu síðari hluta dags, en sváfu þar ekki. Hver heimasveinn fékk 20 kr. húsaleigustyrk til að leigja sér fyrir svefnherbergi úti í bænum.

Allir lærisveinar nutu gjafkenslu.

Þeir piltar, sem hafa haft umsjón á hendi (sjá 4. bls.), fengu eins og að undanfögnu bækur að launum af fé skólans.

Bræðrasjóðurinn.

Reikningur Bræðrasjóðsins frá 16. marz 1904 til 20. apríl 1905.

Teikjur :

1.	Eign 16. marz 1904:			
	a. í söfnunarsjóði	kr. 13888,88		
	b. í bankavaxtabréfum	— 1400,00		
	c. í sparissjóði	— 159,24	kr. 15448,12	
2.	Frá stúdentum 1904.	—	34,00	
3.	Tillög 63 nemenda	—	63,00	
4.	Gjafir :			
	a. Gjöf 3 skólapilta (A. B. Jóh. H. Júl. H.)	kr. 30,00		
	b. — Guðmundar læknis Magnússonar .	— 20,00		
	c. — N. N.	— 1,00		
	d. — Leikfélags skólapilta	— 81,85	— 132,85	
5.	Seld 3 eintök af Jón Sigurðsson: Íslands Statsr. Forhold	—	3,00	
6.	Vextir 1904 :			
	a. í söfnunarsjóði	kr. 555,56		
	b. af bankavaxtabréfum	— 63,00		
	c. í sparissjóði	— 8,13	— 626,69	
			Samtals kr. 16307,66	

Gjöld :

1.	Úthlutað skólapiltum	kr. 376,00		
2.	Eign :			
	a. í söfnunarsjóði	kr. 14166,66		
	b. í bankavaxtabréfum	— 1400,00		
	c. í Sparissjóði	— 364,22		
	d. hjá reikningshaldara	— 78	— 15931,66	
			Samtals kr. 16307,66	

Reykjavíkur almenna mentaskóla 21. apríl 1905,

*Stgr. Thorsteinsson.**

Úthlutun úr Bræðrasjóði í apríl 1905.

1. Andrés Björnsson 76 kr. 2. Ólafur Ó. Lárusson 30 kr. 3. Ólafur Jóhannesson 10 kr. Brynjólfur Magnússon 30 kr. 5. Íngvar Sigurðsson 25 kr. 6. Páll Sigurðsson 25 kr. 7. Jón Jónasson 25 kr. 8. Haraldur Jónasson 10 kr. 9. Guðmundur Ásmundsson 50 kr. 10.

*) Reikningurinn endurskoðaður af kennurinum G. T. Zoëga og Pálma Pálssyni.

Árni Gíslason 20 kr. 11. Simon Þórðarson 15 kr. 12. Vigfús Í. Sigurðsson 25 kr. 13. Bjarni Snæbjarnarson 10 kr. 14. Guðmundur Jónsson 15 kr. 15. Sigtryggur Eiríksson 10 kr. Samtals 376 króur.

Legat Jóns drs. Þorkelssonar rektors.

Reikningur legatsins árið 1904.

Tekjur :

Eign í Söfnunarsjóði við ársbyrjun 1904	kr. 713,22
Vextir 1904	— 28,53
	Tekjur samtals kr. 741,75

Gjöld :

Eign í Söfnunarsjóði við árslok 1904	kr. 741,75
	Jöfnuður kr. 741,75

Reykjavíkur almenna mentaskóla 21. apríl 1905.

Stgr. Thorsteinsson.

VII. Próf.

A. Miðsvetrarpróf

var haldið síðara hluta febrúarmánaðar eins og vant hefir verið.

B. Árspróf.

Út af því að mislingar komu upp í Reykjavík fyrstu dagana í maímánuði og Stjórnarráðið með auglýsingu 3. maí gerði þá ráðstöfun, að banna allar samkomur, skólahald o. s. frv. urðu kenslustundir þá þegar að hætta í skólanum, og af sömu orsök ákvað Stjórnarráðið, að árspróf skólans skyldi byrja fyr en vanalegt er. Var svo árspróf haldið í 1. 2. 3. og 5. b. síðustu daga maímánaðar og fyrri hluta júnim., en árspróf 4. b og burtfararpróf um sömu mundir og vant er.

Við það próf fengu fyrstu einkunn 5 piltar í 5. bekk, 9 í 4. b., 3 í 3. b. og 5 í 2. b. Aðra einkunn hlaut 1 piltur í 5. bekk, 4 í 4. b. 4 í 3. b. og 3 í 2. b. Þriðju einkunn fengu 4 piltar í 3. bekk og 3 í 2. b.

Undir árspróf 4. bekkjar gengu 19 piltar; af þeim stóðust 13 prófið, og fengu þeir þessar einkunnir:*

Nöfn.	Í afloknum greinum.						Í öllum greinum.	
	Enska	Rúmfræði	Talfr.	Landfr.	Náttúru- saga.	Stigatal.	einkunn.	Stigatal
1. Ólafur Pétursson . .	v. +	d.	v. +	á. ÷	á. ÷	33 ² / ₃	I.	87 ¹ / ₃
2. Alexander Jóhanness.	d.	d.	v. +	d.	v.	31 ² / ₃	I.	85 ¹ / ₃
3. Sveinn Sveinsson . .	d.	d.	l. +	d. +	d. +	31	I.	85
4. Pétur Halldórsson . .	d. +	d. ÷	v. +	d. ÷	d. ÷	32	I.	84
5. Jón Jónasson	v. ÷	v. +	l. +	d. +	l.	20	II.	71
6. Haraldur Jónasson . .	v.	d.	d. +	v. ÷	d. +	30 ¹ / ₃	II.	70 ¹ / ₃
7. Einar Indriðason . .	d. ÷	l.	l.	d. ÷	v. +	20 ¹ / ₃	II.	61 ¹ / ₃
Utanskólasveinar:								
Magnús Jónsson . . .	d.	d.	d. ÷	d. +	á. ÷	35 ¹ / ₃	I.	89 ² / ₃
Ásgeir Gunnlaugsson	d. ÷	á.	d. ÷	d.	d. +	35	I.	86 ² / ₃
Ólafur Gunnarsson . .	d. ÷	á.	d. +	v. +	d. ÷	33 ² / ₃	I.	86
Sigurður Jóhannesson	á. ÷	v. +	v. +	d. +	d. ÷	32 ² / ₃	I.	81 ² / ₃
Sigfús M. Jóhannsson	v. +	v. ÷	l.	á. ÷	d. +	25 ¹ / ₃	I.	78 ¹ / ₃
Árni Helgason	v.	v.	v.	d.	v. +	27 ² / ₃	II.	73

Við þetta próf voru þeir Jón skólustjóri Þórarinsson, dóc. Jón Helgason, mag. sc. Ágúst Bjarnason, mag. sc. Guðmundur Finnbogason, Magnús dýralæknir Einarsson og verkfræðingur Knud Zimsen skipaðir prófdómendur með bréfi stjórnarráðsins 18. maí 1905.

Verkefnið í hinu skriflega prófi voru:

1. Í íslenska ritgjörð.

- „Íslenskt ferðalíf“.
- „Heyannir á Íslandi“.

2. Í danskan stýl.

- „Sókrates dreymdi eina nótt, að svanur í sárum** sæti á knjám sér, en yrði brátt fleygur. Daginn eftir kom tvítugur unglingur til

*) á. = ágætlega, d. = dável, v. = vel, l. = laklega.

**) í sárum = som var ved at fælde Fjær.

hans, að nafni Aristokles. Hann var síðan kallaður Platon, sökum þess, hve breiður hann var um enni og herðar. Beiddist hann fræðslu hjá Sókratesi, er þýddi drauminn svo, sem svanurinn hefði táknað Platon. Platon hafði þegar numið þær listir og íþróttir, er tíðkuðust meðal vel mentaðra ungmenna í Aþenuborg, — það sem vér nú mundum kalla almennan skólalærdóm, — og þar að auki hljóðfæralist og leikfimi, og hafði hann jafnvel unnið sigur við ólympisku leikina í glímu. Sókratesi fylgdi hann í 10 ár, til þess er Sókrates féll frá, og bar hann af öllum lærisveinum hans. Eftir dauða Sókratesar var Platon lengi í utanförum. En er hann kom heim aftur til Aþenuborgar, stofnaði hann skóla á skógi-vöxnum stað fyrir utan borgina, Akademia, og bygði hann mentagyðjunni hörg á staðnum. Kendi hann þar í fjölmörg ár og þusti fjöldi fólks til hans til að hlýða á fyrirlestra hans. Hann andaðist í hárrí elli 81 árs að aldri, árið 347 f Kr.

b. „Þetta fór og sem eg gat til, því eg sá ekki hinn unga kaupmann fyrr en árið var umliðið. Eftir árslokin kom hann og var þá skrautbúinn, eins og þegar eg hafði séð hann síðast; en nú þótti mér sem honum væri mikið niðri fyrir. Beiddi eg hann að gera mér þann sóma að koma inn í hús mitt. Svaraði hann þá: „Svo skal vera í þetta sinn, en samt með því skilyrði, að þér ekki kostið miklu til mín vegna“. „Það skal vera sem þér viljið“, ansaði eg, „en farið fyrir alla muni af baki“. Hann gjörði svo og fór inn með mér; skipaði eg þá að tilreiða máltíð þá, er eg ætlaði að veita honum, en meðan á því stóð vorum við að tala saman. En er maturinn var tilbúinn, settumst við til borðs. Undir eins og hann lét upp í sig fyrsta bitann, tók eg eftir því, að hann borðaði með vinstri hendinni, og þótti mér kynlegt, að hann als ekki neytti hægri handarinnar. Eg vissi ekki, hvað eg ætti að halda um þetta, því hinn ungi kaupmaður hafði jafnan sýnt mér kurteisi frá því eg kyntist honum fyrst“.

3. Í latínskann stýl.

a. Meðan þetta gjörðist í Asíu, vildi af hendingu svo til, að sendimenn Prúsíasar í Rómaborg sátu að kvöldverði hjá L. Quintiusi Flamininusi, fyrverandi ræðismanni, og er Hannibal bar þar á góma, gat einn þeirra þess, að hann væri í ríki Prúsíasar. Daginn eftir sagði Flamininus öldungaráðinu frá þessu. Hinir samansöfnuðu feður, sem hugðu sér aldrei mundu óhætt fyrir umsátri, meðan Hannibal væri á lífi, sendu menn til Bþyníu, og meðal þeirra Flamininus, til þess að beiðast þess af konungi, að hann héldi ekki hjá sér þennan höfuð-óvin þeirra, en seldi þeim hann í hendur. Prúsíasar þorði ekki að neita þeim, en mæltist til, að þeir heimtuðu ekki af sér það, sem gagnstætt væri ges taréttinum; sjálfir skyldu þeir taka hann höndum, ef þeir gætu, og mun du þeir auðveldlega finna staðinn, þar sem hann væri“.

b. Meðan þetta gjörðist í Rómaborg, var Antonius ræðismaður sendur með her manns móti Catilínu; varð fundur þeirra norður í Apenninafjöllum hjá bæ þeim, er Pistoria hét; hafði Antonius verið einn af góðkunningjum Catilínu og vildi því eigi bera vopn í móti honum, en setti í sinn stað herforingja þann fyrir liðið, er Petrejus hét; tókst nú bardagi með þeim; þar féll Catilína og því nær allir hans menn eftir hina hraustustu framgöngu; er svo sagt, að þar lægi hver maður fallinn, er hann hafði uppi staðið í fylkingu, og hafði enginn þeirra sár á baki. Þessi atburður varð á öndverðu ári 62 f. Kr. Urðu Rómverjar fegnir þessum málalyktum og þóttust leystir af miklum háská fyrir viturleik og harðfylgi Cicerós, og kölluðu hann föður fösturjarðarinnar.“

4. Í *talnafræði* og *rúmfræði* fékk hver piltur sérstakt verkefni.

Einn af utanskólasveinum, Magnús Jónsson, kom eigi til skólans fyr en skriflegu prófi 4 bekkjar var lokið; tók hann skriflega prófið síðar, og fékk til úrlausnar verkefni þau, sem hér að ofan eru merkt með bókstafnum b.

C. Inntökupróf.

a. við byrjun skólaársins.

Tækir í 1. bekk.

1. Sigurður Einarsson Hjörleifsson, ritstjóra Einars Hjörleifssonar, f. í Winnipeg 29. jan. 1891.
2. Sigtryggur Eiríksson, sjómanns Þorkelssonar, f. í Reykjavík 10. júní 1889.
3. Daniel Kristinsson, prests Danielssonar á Útskálum, f. á Söndum í Dýrafirði 22. apríl 1888.

b. við lok skólaársins.

Tækir í 5. bekk.

1. Magnús Jónsson, sjá inntpr. til 2. b. Nr. 1 í skólask 1901–1902.
3. Sigurður Jóhannesson, sjá inntpr. til 2. b. Nr. 9 í skólask. 1901–1902.
3. Sigfús M. Jóhannsson, sjá inntpr. til 1. b. Nr. 4 í skólask. 1900–1901.
4. Árni Helgason, sjá inntpr. til 1. b. Nr. 3 í skólask. 1900–1901.

Auk þess stóðust þessir piltar árspróf 4. bekkjar af þeim, sem viku úr skóla veturinn 1904—1905.

1. Ásgeir Gunnlaugsson, sjá inntpr. til 2. b. Nr. 8 í skólask. 1901—1902.
2. Ólafur Gunnarsson, sjá inntpr. til 2. b. Nr. 2 í skólask. 1901—1902.

Tækir í 4. bekk.

1. Ásmundur Guðmundsson, sjá inntpr. til 1. b. Nr. 7 í skólask. 1901—1902.
2. Skúli Thoroddsen, sjá inntpr. til 1. b. Nr. 5 í skólask. 1901—1902.
3. Jakob Jóhannesson, sjá inntpr. til 1. b. Nr. 8 í skólask. 1901—1902.
4. Björn Gíslason, sjá inntpr. til 2. b. Nr. 2 í skólask. 1902—1903.

Auk þess stóðst þessi piltur árspróf 3. bekkjar af þeim, er viku úr skóla veturinn 1904—1905:

Jakob Ó. Lárusson, sjá inntpr. til 1. b. Nr. 14 í skólask. 1901—1902.

Tækir í 2. bekk.

1. Guðjón Samúelsson, snikkara Jónssonar, f. á Hunkurbökkum á Síðu 16. apríl 1887.
2. Páll Erlendsson, sjá inntpr. til 1. b. Nr. 7 í skólask. 1903—1904.
3. Steingrímur Jónsson, prests Steingrímssonar, f. í Gaulverjabæ í Arnassýslu 18. júní 1890.

Tækir í 1. bekk.

1. Árni Stefán Jónsson, bónda Árnasonar, f. á Ásmundarstöðum á Sléttu 4. marz 1889.
2. Axel Böðvarsson, kaupmanns Þorvaldssonar, f. á Akranesi 28. júlí 1890.
3. Bjarni Sighvatsson, bankastjóra Bjarnasonar, f. í Reykjavík 22. júlí 1891.
4. Björn Þórhallsson, lektors Bjarnarsonar, f. í Reykjavík 3. ágúst 1891.
5. Brynjólfur Árnason, bónda Jónssonar, f. í Saurbæ í Eyjafirði 7. ágúst 1886.
6. Daniel Halldórsson, bæjarfógeta Danielssonar, f. í Reykjavík 17. október 1891.
7. Edvarð Runólfsson Stephensen, bónda Runólfssonar, f. í Reykjavík 9. maí 1889.
8. Eggert Stefánsson, múrara Egilssonar, f. í Reykjavík 1. desemb. 1890.
9. Einar Einarsson Hjörleifsson, ritstjóra Hjörleifssonar, f. í Winnipeg 9. ágúst 1892.
10. Einar Jónsson, stúdents Einarssonar, f. á Skerðingsstöðum 27. maí 1890.
11. Haraldur Thorsteinsson, rektors Steingríms Thorsteinssonar f. í Reykjavík 20. febrúar 1892.

12. Héðinn Valdimarsson, ritstjóra Asmundssonar, f. í Reykjavík 26. maí 1892.
13. Jón Ásbjörnsson, tómthúsmanns Jónssonar, f. í Nýlendu á Sel-tjarnarnesi 18. marz 1890.
14. Jón Ólafur Gunnlaugsson, bónda Þorsteinssonar, f. á Kiðjabergi í Árnessýslu 8. október 1891.
15. Jón Ólafsson, prests Ólafssonar, f. á Lundi í Lundareykjadal 26. október 1888.
16. Kjartan Jensen, sonur kaupmanns Thor Jensens, f. í Borgarnesi 26. apríl 1890.
17. Leifur Jóhannsson, prests Þorsteinssonar, f. í Stafholti í Stafholts-tungum 6. marz 1889.
18. Magnús Jochumsson, verzlunarmanns Magnússonar, f. á Ísafirði 14. ágúst 1889.
19. Markús Torfason, skólastjóra Bjarnasonar, f. í Ólafsdal í Dala-sýslu. 15. okt. 1887.
20. Ólafur Tryggvason Jensen. bróðir Nr. 16, f. í Borgarnesi 19. janúar 1892.
21. Páll Pálmason, adjunkts Pálssonar, f. í Reykjavík 19. ágúst 1891.
22. Steindór Gunnlaugsson, bróðir Nr. 14 f. á Kiðjabergi 25. sept-ember 1890.
23. Þorvaldur Thoroddsen Skúlason, ritstjóra Thoroddsens, f. á Ísafirði 11. febrúar 1892.

D. Burtfararpróf.

var haldið í júnimánuði. Voru þeir Jón skólastjóri Þórarinsson, docent Jón Helgason, mag. sc. Ágúst Bjarnason og mag. sc. Guðmundur Finnbogason skipaðir prófdómendur með bréfi Stjórnarráðsins 18. maí 1905. Undir próf þetta gengu allir 6. bekkingar og 6 utanskólasveinar (sjá töfluna hér á eftir).

Verkefni í hinu skriflega burtfararprófi voru:

1. *Í íslenska ritgjörð I.*
„Dagblöðin og hlutverk þeirra“.
2. *Í íslenska ritgjörð II.*
„Hljóðið“.

3. Í danskan stjíl.

„Livingstone segir frá því, að einu sinni hafi hann orðið sjónarvottur að því, hvernig Arabí einn með vopnuðum óaldarflokki sínum að óvörum réðist á þorp eitt, er ekki átti sér neins ófriðar von; þorpið lá við á og voru þar saman komnar meira en tvær þúsundir manna til markaðshalds. Enginn þarlendra manna hafði hinn minsta grun á því, að þrælaveiðamenn væru í nánd. En alt í einu heyrðust hvellirnir í byssunum. Svertlingjunum varð mjög felmt við, og hlupu alt hvað af tók til báta sinna, og þröngdust svo ótt út á þá, að þeir urðu ofhlaðnir, svo að þeim hvolfði; hirtu þá krókóðilarnir margan mann, en þó voru þeir fleiri, er biðu bana fyrir skotum óvina sinna. Fjögur hundruð manna, sem flest voru konur og börn, biðu þar bana, og enn þá fleiri voru gerðir að þrælum, sem fám mínútum áður með gleði og gamni höfðu verið á markaðinum. Og það er ekki svo sem þessi saga sé neitt eins dæmi, og Livingstone, sem þó ekki var nein íslöðulaus herfa, segir frá því, að það hafi oft komið fyrir, að hann hafi með andfælum hrokkið upp úr fasta svefni, þegar honum bárust í draumi skelfingar þær. er hann hafði orðið að sjá á sínum löngu ferðalögum um Afríku.

4. Í þýðingu úr latínu.

Atque illæ quidem injuriæ, quæ nocendi causa de industria inferuntur, sæpe a metu proficiscuntur, cum is, qui nocere alteri cogitat, timet, ne nisi id fecerit, ipse aliquo afficiatur incommodo. Maximam autem partem ad injuriam faciendam aggrediuntur, ut adipiscantur ea, quæ concupiverunt: in quo vitio latissime patet avaritia. Expetuntur autem divitiæ cum ad usus vitæ necessarios, tum ad perfrueudas voluptates. In quibus autem major est animus, in iis pecuniæ cupiditas spectat ad opes et ad gratificandi facultatem: ut nuper M. Crassus negabat, ullam satis magnam pecuniam esse ei, qui in re publica princeps vellet esse, cujus fructibus exercitum alere non posset. Delectant etiam magnifici apparatus vitæque cultus cum elegantia et copia. Quibus rebus effectum est, ut infinita pecuniæ cupiditas esset. Nec vero rei familiaris amplificatio, nemini nocens, vituperanda est: sed fugienda semper injuria est. Maxime autem adducuntur plerique, ut eos justitiæ capiat oblivio, cum in inferiorum, honorum, gloriæ cupiditatem inciderunt. Quod enim est apud Ennium:

nulla sancta societas,
nec fides regni est;

id latius patet.

Útskrifaðir 30. júní 1905.

Nr.	Nöfn.	Fæðingar dagur.	Ísl. ritg. I.	Ísl. ritg. II.	Danska.	Franska.	Pýzka.	Lat. þýðing.	Latína lesin.	Latína ólesin.	Griška.	Kristin fræði.	Saga.	Eðlisfræði og stjörnufræði.	Adaleinkunn.	Stigatal.
1.	Andrés Björnsson	$\frac{18}{12}$ 83	d. +	d. ÷	d.	d. +	á. ÷	d.	á. ÷	á.	d. +	á.	d. +	d.	I.	103
2.	Páll E. Ólason	$\frac{10}{6}$ 83	d.	d. ÷	d. ÷	á. ÷	á. ÷	d.	á. ÷	á. ÷	á. ÷	á. ÷	á. ÷	d. ÷	I.	102
3.	Ólafur Lárusson	$\frac{25}{2}$ 85	d. +	d. ÷	d. ÷	d.	d. +	d. ÷	á. ÷	á.	á. ÷	d.	á. ÷	d. +	I.	101
4.	Þórarinn Kristjánsson . .	$\frac{27}{7}$ 86	d. ÷	d. ÷	d. ÷	d. ÷	d.	d.	d. +	d. +	á. ÷	á. ÷	á. ÷	á. ÷	I.	100
5.	Þorsteinn Briem	$\frac{3}{7}$ 85	d.	d. ÷	d. ÷	d.	d. +	v.	d.	d.	d. +	á. ÷	d. +	d.	I.	97
6.	Ólafur Jóhannesson	$\frac{23}{11}$ 85	d. ÷	v. +	d.	d. ÷	d. +	v.	d. +	d.	d.	d.	á. ÷	v. +	I.	94
7.	Július Havsteen	$\frac{13}{7}$ 86	v. +	v. ÷	d. +	d.	v. +	v. +	d. ÷	d.	d.	d. +	á. ÷	d.	I.	92
8.	Brynjólfur Magnússon . . .	$\frac{20}{2}$ 81	v. +	d.	v. ÷	d. ÷	d. ÷	v.	d.	d.	d. ÷	d. +	d.	á. ÷	I.	90
9.	Ingvar Sigurðsson	$\frac{20}{7}$ 85	v.	v. ÷	v.	d. ÷	d. ÷	v.	d.	d.	d.	d.	d.	d. +	I.	88
10.	Ólafur Ó. Lárusson	$\frac{1}{9}$ 84	v. +	v.	v. ÷	d.	d. ÷	l. +	d.	d. ÷	d.	d.	á. ÷	d. ÷	I.	86
11.	Baldur Sveinsson	$\frac{30}{7}$ 83	d.	d. ÷	v.	v.	d.	v.	d. ÷	d. ÷	v.	d.	d.	d. ÷	I.	85
Utanskólasveinar:																
	Guðmundur Thoroddsen . . .	$\frac{1}{2}$ 87	d. ÷	d. ÷	d. ÷	d.	d. +	v.	d. +	d. +	á. ÷	d. +	d. +	á. ÷	I.	98
	Guðjón Baldvinsson	$\frac{1}{7}$ 83	d.	d. +	v. +	á. ÷	d. +	l.	d.	d.	d. +	á.	d. ÷	d. +	I.	93
	Sigurður Lýðsson	$\frac{22}{10}$ 84	d.	v.	v. +	v. +	d.	v.	d.	d. +	d. ÷	á. ÷	á. ÷	d.	I.	92
	Þorgrímur Kristjánsson . . .	$\frac{14}{3}$ 85	d. ÷	l. +	v.	d.	d. ÷	v. ÷	d. +	á. ÷	á. ÷	d. +	v. +	i. +	II.	75
	Karl Sæmundsson	$\frac{14}{2}$ 86	v. ÷	l.	d.	d. ÷	d. ÷	l. +	l. +	v.	v. +	d. +	l. +	d.	II.	64
	Pétur Sigurðsson	$\frac{10}{1}$ 81	v.	l. +	v. ÷	i. +	v. +	v.	l. +	v.	l. +	d.	v. ÷	l.	III.	45

VIII. Stjórn skólans.

1. Samkvæmt bréfi stiftsýfirvaldanna 20. maí 1896 verða þeir lærisveinar, sem vilja fá námsstyrk af landsfé, að senda til rektors vottorð um fjárhag sinn og allar ástæður fyrir 1. okt. ár hvert, og gildir þetta vottorð um leið sem bónarbréf um námsstyrk fyrir það skólaár, er þá fer í hönd. Eyðublöð til slíks fjárhagsvottorðs fást ókeypis hjá aðalumsjónarmanni skólans í skólahúsinu, og er það svo hljóðandi:

„Fjárhagsvottorð

lærisveina hins lærða skóla í Reykjavík.

1. Nafn piltins og foreldra hans: 2. Kom í Reykjavíkur lærða skóla árið og settist í . . . bekk. 3. Hverja atvinnu eða embætti hefir faðir piltins, eða — ef hann er dáinn — hverja stöðu hafði hann og hverja stöðu hefir móðirin, ef hún er á lífi? 4. Eiga foreldrar piltins fleiri óuppkomin börn en hann, og eru nokkur þeirra selt til menta í öðrum skólum en barnaskólum? 5. Hve miklar tekjur hefir faðirinn (eða móðirin) árlega af atvinnu sinni eða embætti? Ef faðirinn (eða móðirin) lifir á sveitabúskap eða sjávarútveg, þarf ekki að svara þessari spurningu, en aftur á móti skal þá tilgreina, á hve mörgum jarðarhundruðum hann (hún) býr, auk þess um sjávarbóndann, hve mörgum skipum eða bátum hann (hún) heldur úti. Auðvitað eiga bændur sem aðrir að tilgreina, ef þeir hafa tekjur af öðru aukreitiss við hliðina á sveitabúskapnum eða sjávarútvegnum, t. d. af umboði, póstafréiðslu, smíðum o. s. frv. Hefir móðirin nokkra sjerstaka atvinnu, er gefi af sér nokkrar verulegar tekjur í félagsbú foreldranna, og þá hve miklar? 6. Á faðirinn (eða móðirin) nokkra jarðeign, húseign, þilskip eða part úr þilskipi fé á vöxtum eða aðra arðberandi eign? (jarðir skal nefna, en önnur eign tilfærast í peningavirði). Hvað mikið telur faðirinn (móðirin) fram til tíundar í hundruðatak? 7. Á pilturinn nokkurn arf eða aðra séreign og þá hve mikið? (jarðir skal nefna, en önnur eign tilgreinist í peningavirði) 8. Fær pilturinn nokkra hjálp frá öðrum en foreldrum sínum? 9. Athugasemdir, sem vottorðsveitandi að öðru leyti kynni að vilja taka fram

*) Eyðurnar eru táknadar með punktum (. . . .).

Að fjárhagsvottorð þetta sé rétt í öllum greinum samkvæmt minni beztu vitund og að engu sé leynt, sem nauðsynlegt er að taka fram til að fá rétta hugmynd um fjárhag piltins, það votta eg hér með við drengskap minn og samvizku.

..... dag

(Nafn vottorðsveitanda)

Hér með votta eg undirskrifaður, að mér sé ekkert kunnugt, sem hnekki framanskriфуðu fjárhagsvottorði eða ósanni það í neinni grein.

..... dag

(Nafn þess er staðfestir vottorðið)

Til athugunar fyrir vottorðsveitendur og umsækjendur:

1. Fjárhagsvottorð lærisveina hins lærða skóla skulu gefin af föður piltins. Ef hann er dáinn eða á einhvern hátt fatlaður frá að undirskrifa það, og sé pilturinn ómyndugur (ekki fullra 18 ára), þá skal móðirin gera það í föðurins stað, svo framarlega sem hún situr í óskiftu húsi, en annars löglega skipaður fjárhaldsmaður piltins (ekki skólafjárhaldsmaður, nema hann sé löglega skipaður fjárhaldsmaður). Sé pilturinn hálfmyndugur (fullra 18 ára, yngri enn 25 ára) og eigi ekki föður á lifi, skal hann sjálfur undirskrifa það með tilsjónarmanni. Sé pilturinn fullmyndugur (fullra 25 ára) og eigi ekki föður á lifi, skal hann sjálfur undirskrifa vottorðið.
2. Auk þess skulu fjárhagsvottorðin staðfest af hlutaðeigandi sóknarpresti. Ef sóknarprestur er sjálfur vottorðsveitandi, skal það staðfest af hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta.
3. Ef það sannast, að eitthvað sé ósatt eða rangt í framanskriфуðu fjárhagsvottorði, og séu líkur til, að rangt sé trá skýrt af ásettu ráði, þá missir pilturinn allan þann styrk, sem hann kann að hafa haft, og getur ekki buist við að fá neinn styrk í skólanum upp frá því. Auk þess varðar það við lög, ef röng skýrsla er gefin (sjá Almenn hegningarlög 155 og 156. gr.).
4. Fjárhagsvottorð á að vera komið til rektors lærða skólans í síðasta lagi 1. október ár hvert og gildir um leið sem umsóknarbréf um námsstyrk fyrir það skólaár, sem þá fer í hönd. Verður því að endurnýja það árlega. Verði einhver veruleg breyting til hins verra á áslæðum piltins, eftir að vottorðið er undirskrifað, skal skóla-

fjárhaldsmaður gera skriflega yfirlýsingu um það eptir beztu vitund og senda rektor, helzt eigi seinna en 1. október, eða, ef breytingin verður síðar, þá í síðasta lagi fyrir 1. marz næst á eftir. Nýsveinar þeir, sem gera sér von um styrk á 1. skólaári, verða að vera búnir að senda inn fjárhagsvottorð fyrir 1. marz ár hvert“.

2. Skilyrði fyrir inntöku í skólann.

a. *Skilyrði fyrir inntöku í gagnfræðadeildina* eru tekin fram í bráðabirgðareglugjörð fyrir nefndan skóla 18. og 19. gr. og eru báðar greinarnar til leiðbeiningar hlutaðeigendum prentaðar hér orðréttar:

18. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Að þeir, sem teknir eru í fyrsta bekk gagnfræðadeildarinnar séu ekki yngri en 12 ára og ekki eldri en 15 ára fullra, og að þeir, sem teknir eru í fyrsta bekk lærdómsdeildarinnar séu ekki yngri en 15 ára og ekki eldri en 18 ára fullra.

Þegar sérstaklega stendur á, getur Stjórnarráðið rýmkað efra aldurstakmarkið fyrir einstaka pilla, að því er lærdómsdeildina snertir, ef skólameistari mælir með því.

2. Að þeir séu ekki haldnir af neinum næmum sjúkdómi eður öðrum líkamskvilla, sem orðið getur hinum nemendunum skaðvænn.
3. Að siðferði þeirra sé óspilt.
4. Að þeir leggi fram fullnægjandi vottorð frá þeim skóla, er þeir síðast hafa gengið í, ef þeir hafa verið að námi í öðrum skólum, eða frá þeim, sem hafa búið þá undir skóla.

19. gr.

Til þess að verða tekinn í 1. bekk gagnfræðadeildarinnar, verður nemandinn að ganga undir próf,*) er sýni að hann hafi þá kunnáttu og þroska, er hér segir:

1. Íslenska munnleg.

Nemandinn verður að geta lesið skýrt og áheyrilega lesinn kaffla í óbundnu máli, og nokkurn veginn áheyrilega ólesinn kaffla sögulegs efnis í óbundnu máli, hæfilega auðveldan að efni og orðfæri. Hann skal og geta skýrt frá efni hins lesna, ef hann er spurður, og sýna

*) Inntökuprófið skal að jafnaði haldið við lok júním. ár hvert (sbr. reglugjörð 17. gr.). Skulu nýsveinar, áður en þeir ganga undir próf, afhenda skólastjóra hin fyrirskipuðu vottorð frá kennurum sínum um, að þeir hafi veitt þeim tilsoðu, ásamt skrá yfir það, sem þeir hafa lesið, siðferðisvottorð, skírnarvottorð og bólu-
setningar.

að hann hafi skilið það. Hann verður að kunna utan bókar nokkur íslensk kvæði, helzt sögulegs efnis og geta gjört grein fyrir efni þeirra, svo að það sjáist að hann hafi skilið þau.

Nemandinn þekki helztu almennar málfræðislegar hugmyndir og kunni helztu atriðin í íslenskri beygingarfræði.

2 Íslenska skrifleg.

Með skriflegu prófi verður nemandinn að sýna, að hann geti nokkurn veginn ritvillulíðið, og svo, að helztu lestrarmerki séu rétt sett, skýrt skriflega frá efni í stutttri og auðskilinni sögu, sem honum er sögð eða lesin fyrir. Skal það vera hreinlega og skipulega af hendi leyst.

3. Reikningur.

Prófið er bæði skriflegt og munnlegt, og skal nemandinn með því sýna, að hann kunni 4 aðalgreinir reikningsins með heilum tölum og brotum (almennum brotum og tugabrotum) og hafi leikni í að nota þær til að leysa úr auðveldum dæmum, er fyrir koma í daglegu lífi. Auk þess verður hann að vera leikinn í að reikna í huganum með lágum tölum.

4. Skrift.

Nemandinn verður að skrifa læsilega og hreinlega snarhönd.

5. Danska.

Nemandinn skal hafa lesið til prófsins eigi minna en 150 bls. í 8 blaða broti. Skal hann lesa upp stutta lesna grein og geta lagt hana út á íslensku. Hann skal og þekkja hin allra helztu atriði danskrar beygingarfræði. Ennfremur verður hann að geta snúið munnlega og skriflega auðveldum setningum daglegs máls úr íslensku á dönsku. Við prófið skal taka tillit til framburðarins.

6. Saga.

Nemandinn verður að hafa numið stutt ágríp af mannkynssögunni og af sögu Íslands.

7. Landafræði.

Nemandinn verður að hafa numið stutt ágríp af allri landafræðinni og nokkurn veginn nákvæma lýsingu Íslands, og kunna að nota uppdrætti landa og jarðlíkan.

8. Náttúrusaga.

Nemandinn verður að þekkja allra helztu dýr, sérstaklega húsdýrin, og þau önnur dýr, sem menn varða mestu, ennfremur allra helztu jurtir, sérstaklega gagnjurtir.

b. Skilyrði fyrir inntöku í efri bekkri skólans, sem eru undir eldri reglugjörðinni, eru hin sömu og verið hafa og má lesa um þau í eldri skýrslum.

3. Hver sá utanskólasveinn, er ætlar að ganga undir *burt-*

fararpróf eða *árspróf fjórða bekkjar*, á að afhenda skóla-
stjóra vottorð frá manni, sem tekið hefir stúdentspróf, um
að hann hafi haft eftirlit með námi hans og telji hann færán
til prófsins.

4. *Skólabækur*. Allir piltar eru skyldir að eiga eða
hafa til brúkuunar alt skólaárið allar þær bækur, sem við
eru hafðar í þeim bekk, er þeir sitja í, þar á meðal mállýs-
ingar og orðabækur í hverju því máli, sem kent er í bekkn-
um. Verða slíkar bækur ekki lánaðar nemendum úr skóla-
bókasafninu, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

Reykjavík í ágústmánuði 1905.

Stgr. Thorsteinsson.

